

## **Skýrsla stjórnar Þeistareykja ehf. fyrir árið 2004.**

### ***Almennt.***

Aðalfundur Þeistareykja ehf. fyrir árið 2003 var haldinn að Narfastöðum í Þingeyjarsveit 30. mars 2004. Á fundinum urðu, að loknum aðalfundarstörfum, nokkrar umræður um málefni félagsins án þess að samþykktir væru gerðar. Stjórn félagsins hafði, fyrir aðalfundinn, samþykkt að kalla inn nýtt hlutafé að upphæð 20 mkr. Þessi aukning rúmaðist innan samþykktar aðalfundar árið áður um heimild til allt að 200 mkr. hlutafjárukningar. Aðaldælahreppur tók ekki þátt í hlutafjárukningunni en aðrir hluthafar tóku þátt í samræmi við eignarhlut. Stjórnarfundir voru þrjár á árinu og verkaskipting stjórnar var óbreytt frá fyrra ári.

Gert var ráð fyrir að 20 mkr. hlutafjárukningin yrði að mestu nýtt til rannsókna. Áfram var unnið að frágangi og túlkun gagna frá rannsóknarborunum. Ákveðið var að fela ÍSOR að gera viðnámsmælingar á jarðhitasvæðinu á Þeistareykjum. Þetta er gert til að afmarka stærð svæðisins sem auðveldar ákvarðanir um frekari boranir og útreikninga á afl og orkugetu svæðisins. Viðnámsmælingar voru gerðar á hluta svæðisins sl. sumar og á að ljúka á þessum vetri. Nánar verður fjallað um þær bráðabirgðaniðurstöður rannsókna sem fyrir liggja síðar í skýrslunni.

Annað sem gert hefur verið á Þeistareykjum á árinu er smávægilegt og tengis nánast eingöngu frágangi eftir borunina í árslok 2003. Þar má nefna endurnýjun landgræðslugirðingar sem eyðilagðist við borflutninga, tiltekt á borsvæði, sáningu grasfræs og aðrar umhverfisbætur. Þessum umbótum er ekki lokið en stemmt er að því að ljúka þeim á árinu 2005.

Ársreikningur fyrirtækisins gefur glögga mynd af afkomu félagsins. Athyglivert er að félagið er rekið með nokkrum hagnaði sem því miður er eingöngu til komin vegna gengishagnaðar af erlendu láni. Jafnframt sýnir ársreikningurinn að nær allt viðbótarhlutafé er uppuríð og sjóður nær tómur. Því þarf enn að kalla inn viðbótarhlutafé á árinu 2005. Eftir eru, við áramót 2004-2005, ónýttar 35 mkr. af heimild til hlutafjárukningar.

Í tengslum við opinbera umfjöllun um rannsóknir og rannsóknarleyfi í Gjástykki og víðar ítrekaði stjórnarformaður við Iðnaðarráðuneytið að Þeistareykir ehf. hefðu samning við eigendur jarðarinnar Þeistareykja um rannsóknir á jarðhita og öðrum jarðefnum (jarðarænum auðlindum) á öllu landi Þeistareykja þar með talin sá hluti Gjástykkis sem innan Þeistareykjalands er. Síðastliðið vor var ítrekuð bréflega munnleg umsókn til Iðnaðarráðherra frá 7. nóvember 2002 um rannsóknarleyfi vegna virkjana í Skjálfandafljóti. Stjórnin samþykkti síðan á fundi sínum, þann 12. október 2004, að beina því til Iðnaðarráðherra að umsóknin um rannsóknarleyfið vegna virkjana í Skjálfandafljóti verði færð á nafn Hrafnabjargvirkjunar hf. Þetta er í samræmi við að Orkuveita Reykjavíkur hefur fært umsókn sína til Iðnaðarráðuneytis um virkjunarleyfi í Skjálfandafljóti á nafn Hrafnabjargvirkjunar hf. Þessu var komið

á framfæri við Iðnaðarráðuneytið með bréfi dagsettu 15. október sl. Ekki hafa borist svör frá Iðnaðarráðuneytinu vegna framangreindra mála.

### ***Óskir um samstarf.***

Á fundi stjórnar Þeistareykja ehf. með þeim Bjarna Bjarnasyni, Edvard Guðnasyni og Stefáni Pálssyni frá Landsvirkjun þann 21. maí 2004 kom fram að Landsvirkjun hefði hug á samstarfi við Þeistareyki ehf. Á fundinum voru ýmis mál rædd svo sem áhugi nokkurra aðila á að reisa álver á Norðurlandi og hvernig best og ódýrast væri að afla orku fyrir hugsanlega stóriðju í landsfjórðungnum. Engar ákvarðanir voru teknar á fundinum. Stjórn Þeistareykja ehf. barst bréf frá Landsvirkjun, dags. þann 6. október 2004, þar sem leitað er með formlegum hætti eftir samstarfi við Þeistareyki ehf. og jafnframt lagt fram kauptilboð í hlut í Þeistareykjum ehf. Tilboðið var tímabundið og ákvað stjórnin að óska eftir framlengingu og frekari viðræðum í framhaldinu. Þær viðræður eru ekki enn hafnar en ráð er fyrir því gert að þær hefjist innan tíðar.

### ***Möguleikar á orkusölu.***

Með gildistöku nýrra raforkulaga skapast möguleiki á að selja hverjum sem er raforku. Þar með er ekki sagt að hagstætt sé að virkja fyrir almennan markað á Þeistareykjum. Ekki er líklegt að slík virkjun skilaði arði en hinsvegar mundi lítil virkjun auka þekkingu á svæðinu einkum á viðbrögðum þess við vinnslu.

Á árinu hefur verið fundað með forsvarsmönnum Atlandsáls hf. Jafnframt hafa bréf farið á milli vegna áhuga Atlandsáls á að reisa álver á Norðurlandi. Líta verður svo á að þeim viðræðum hafi nú verið hætt. Fleiri aðilar hafa sýnt áhuga á að reisa álver á Norðurlandi og hafa forsvarsmenn a.m.k. tveggja álfyrirtækja rætt við forsvarsmenn Þeistareykja ehf. í því sambandi. Sömu fyrirtæki hafa rætt við Landsvirkjun um orku fyrir álver á Norðurlandi. Stjórn Þeistareykja ehf. og Landsvirkjun eru sammála um að samvinnu þeirra aðila sem hafa möguleika á raforkuframleiðslu á Norðurlandi þarf til eigi stóriðja að verða að veruleika í landsfjórðungnum.

### ***Rannsóknir.***

Niðurstöður ÍSOR varðandi þær tvær borholur sem boraðar hafa verið eru að þær gefi hvor fyrir sig góða mynd og miklar upplýsingar um svæðið. Fyrri holan er þar að auki góð vinnsluhola og getur gefið yfir 5 MW. af raforku. Ekki er búið að ganga endanlega frá skýrslum um boranirnar en áfangaskýrslur hafa verið gefnar út auk þess sem safnað hefur verið saman á geisladisk þeim niðurstöðum er fyrir lágu í árslok 2004. Mat á þeim hluta viðnámsmælinga sem þegar hafa verið gerðar er að líkur séu á að jarðhitasvæðið sé stærra en óður var talið og þar með ætti orkuforði svæðisins að vera meiri. Endanlegar niðurstöður viðnámsmælinga munu ekki liggja fyrir fyrr en í árslok 2005. Stjórnin telur ekki ástæðu til að tíunda niðurstöður rannsókna frekar í ársskýrslu og vísar til rannsóknargagna á geisladiski.

### ***Lokaorð.***

Stjórn vill að lokum þakka hluthöfum samstarfið á árinu og þá þolinmæði sem þeir hafa sýnt með því að leggja fjármuni í rannsóknir sem í þessu tilfelli skila engu til baka fyrr enn eftir mörg ár. Á hinn bóginn má segja að ef rannsóknir á Þeistareykjum væru ekki komnar á þann rekspöl sem þær þó eru væri áhugi á að reisa álver á Norðurlandi mun minni. Samt sem áður er nær öruggt að það mun líða allt að áratugur, hið minnsta, þar til þeir fjármunir sem bundnir eru í Þeistareykjum ehf. fara að skila eigendum arði.

